

Fjórði fundur minjaráðs Suðurnesja var haldinn miðvikudaginn 23. nóvember 2016 á skrifstofu SSS á Ásbrú.

Fundinn sátu: Eyrún Helga Ævarsdóttir, Helga Ragnarsdóttir, Kristinn Magnússon og Sigrún Ásta Jónsdóttir.

Eydís Mary Jónsdóttir og Eggert S. Jónsson boðuðu forföll skömmu fyrir fund.

1. Landsáætlun um uppbyggingu innviða, sbr. lög nr. 20/2016. Kristinn kynnti *Lög um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum* sem tóku gildi í mars á þessu ári. Skv. lögnum skal unnið landsáætlun sem nær til tiltekinna ferðamannaleiða, ferðamannastaða og ferðamannasvæða og m.a. skal grundvölluð á vernd menningarsögulegra minja. Þá skal gera þriggja ára verkefnaáætlun sem rúmast innan landsáætlunarinnar. Í henni skal skilgreindum verkefnum tólf ára áætlunarinnar forgangsraðað og framkvæmd þeirra og ábyrgð nánar útfærð. Í lögnum er bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið er á um að innan 6 mánaða skuli ráðherra leggja fram áætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannaleiðum, ferðamannastöðum og ferðamannasvæðum sem gildi til 1. janúar 2018. Skammtímaáætlun sem tekur til ársins 2017 var lögð fram 5. október 2016. Sex verkefni á Suðurnesjum eru á áætluninni, Brimketill, Garðskagaviti/umhverfi, Gunnhver, Keilir, Lambafellsgjá og Reykjanesviti/umhverfi. Minjastofnun Íslands lagði til að uppgraftarsvæðið í Höfnum þar sem grafnar hafa verið upp fornar rústir á undanförunum árum yrði tekið inn á þennan lista. Ganga þarf frá uppgraftarsvæðinu, leggja stíga og koma fyrir upplýsingaskiltum. Svæðið var ekki tekið inn í skammtímaáætlunina.

Ekki er vitað hvenær óskað verður eftir tillögum um staði í næstu þriggja ára verkefnaáætlun en heyrst hefur að það verði jafnvel fyrir áramótin. Fulltrúar í ráðinu voru hvattir til íhuga hvaða staðir þeim þykja eiga heima í áætluninni og koma hugmyndum sínum á framfæri við Minjastofnun.

2. Verndarsvæði í byggð. Í lok júní var auglýst eftir umsóknum frá öllum sveitarfélögum um styrki til að undirbúa tillögur um verndarsvæði í byggð í samræmi við ákvæði laga um verndarsvæði í byggð. Minjastofnun Íslands hefur úthlutað 120.865.000 kr. til 21 verkefnis í 19 sveitarfélögum.

Þrjú sveitarfélög á Suðurnesjum sóttu um styrki. Sandgerðisbær sótti um styrk vegna svæðis við Krókskotstún og Landakotstún. Grindavíkurbær sótti um styrk vegna Þórkötlustaðahverfis og Reykjanesbær vegna Keflavíkurþorpsins. Öll sveitarfélögin fengu styrki.

Sigrún Ásta, sem hefur yfirumsjón með verkefninu í Reykjanesbæ, gerði grein fyrir verkefninu og vinnu sem unnin hefur verið til undirbúnings þess.

3. Húsafriðunarsjóður og fornminjasjóður. Kristinn greindi frá hlutverkum sjóðanna og vakti athygli á auglýst hefur verið eftir umsóknum um styrki í sjóðina.

Umsóknarfrestur í húsafriðunarsjóð rennur út 1. des. en 10. jan 2017 í fornminjasjóð.

4. Strandminjaverkefni. Í kjölfar umræðu í samfélaginu um að minjar við strendur landsins eru í mikilli hættu m.a. vegna sjógangs ákvað ríkisstjórnin að veita 10

milljónum króna til Minjastofnunar Íslands. Ráðinn var starfsmaður til að sinna verkefninu sem féð rennur til eru. Markmið verkefnisins eru:

- Í fyrsta lagi að fá yfirsýn yfir fjölda minja og minjastaða í hættu vegna ágangs sjávar, hlutverk þeirra, tegund og minjagildi, svo hægt sé að forgangsraða aðgerðum til rannsóknar og/eða verndunar.
- Í öðru lagi að stuðla að rannsóknum og/eða verklegum fræmkvæmdum á völdum stöðum.
- Í þriðja lagi að hafa eftirlit með strandminjum umhverfis landið, svo bregðast megi við ef ástæða er til.

Í október s.l. óskaði Minjastofnun Íslands eftir tilboðum í átaksverkefni í skráningu strandminja á þremur svæðum, strandlengju Reykjaness frá Reykjanestá að Garðskaga, strandlengju Snæfellsnes frá Hellnum að Ólafsvík og strandlengju frá Hrafnseyri við Arnarfjörð að Þingeyri við Dýrafjörð.

Á grundvelli tilboða sem bárust í átaksverkefnin hefur Minjastofnun Íslands ákveðið að semja við Fornleifastofnun Íslands ses um skráningu á svæðinu á Reykjanesi.

5. Erindi Áhugahóps um Jamestownstrandið. Fulltrúum í minjaráðinu hafði fyrir fundinn verið sent erindi Helgu Margrétar Guðmundsdóttur f.h. Áhugahóps um Jamestownstrandið ásamt gögnum sem því fylgdu. Áhugahópurinn fer þess á leit við Minjastofnun Íslands/Minjaráð Suðurnesja að þessir aðilar beitir sér fyrir því að útbúin verði skrá um muni úr skipinu sem komnir eru á land. Þá er það einlæg ósk hópsins að gerð verði könnun á húsum sem byggð eru á þessu tímabili og hvort þau geti verið byggð úr timbri úr skipinu. Einnig að þau hús sem vitað er að byggð eru úr farni skipsins verði merkt sérstaklega.

Fundarmenn voru sammála um að verkefnið væri mjög áhugavert en að fulltrúar í minjaráðinu geti ekki tekið að sér sem slíkir að vinna það verk sem fyrir liggur. Ákveðið var að vekja athygli áhugahópsins á að sækja um styrk í húsafriðunarsjóð og jafnvel í fornminjasjóð. Ef styrkur fæst til verkefnisins gæti áhugahópurinn ráðið þar til bæra manneskju til að vinna að verkefninu.

Fundinum lauk kl. 15:40.

KM